

Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Dagur B. Eggertsson
Borgarstjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. janúar 2019
MÍ201810-0022/7.01/ A.S.

Efni: Tillaga að stækkun friðlýsingarsvæði Víkurgarðs. Friðlýsingarskilmálar og rökstuðningur.

Með bréfi dagsettu 8. janúar 2019 tilkynnti Minjastofnun Íslands ákvörðun um skyndifriðun þess hluta Víkurkirkjugarðs sem er innan byggingareits Lindarvatns á Landsímareit í Reykjavík.

Stofnunin hefur nú unnið friðlýsingarskilmála og rökstuðning friðlýsingar (sjá meðfylgjandi fylgiskjöl).

Með vísan til 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, er yður hér með gefinn kostur á að koma á framfæri formlegum og efnislegum athugasemdum við friðlýsingartillöguna og meðfylgjandi drög að friðlýsingarskilmálum. Minjastofnun Íslands væntir svars yðar eigi síðar en mánudaginn 21. janúar n.k. Hafi athugasemdir ekki borist fyrir þann tíma lítur Minjastofnun Íslands svo á að þér hafið ekki athugasemdir fram að færa við tillögu að friðlýsingu minjanna.

Virðingarfyllst,


Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður

Fylgiskjöl:

Friðlýsingarskilmálar

Ákvörðun um skyndifriðun Minjastofnunar, dags. 8. janúar sl.

Lóðaruppdráttur þar sem hið friðlýsta svæði er afmarkað með bleikri línu ásamt hnitaskrá.

Samrit:

Lindarvatn ehf

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Dóms- og kirkjumálaráðurneyti

Kirkjugarðaráð

Afrit sent:

Mennta- og menningamálaráðherra

Friðlýsingarskilmálar



Minjastofnun
Íslands

Staður: Víkurkirkjugarður – Gamli kirkjugarðurinn við Aðalstræti, hluti lóðar

Thorvaldsenstrætis 4-6

Sveitarfélag: 0000 Reykjavík

Landnúmer: 100859

Núverandi eigandi lóðar : Lindarvatn ehf.

Fylgiskjöl sem eru hluti friðlýsingarskilmála:

Ákvörðun um skyndifriðun Minjastofnunar, dags. 8. janúar sl. og lóðaruppdráttur þar sem hið friðlýsta svæði er afmarkað með bleikri línu ásamt hnitaskrá.

Aðdragandi málsins

Þann 8. janúar 2019 staðfesti mennta- og menningarmálaráðherra tillögu Minjastofnunar Íslands um friðlýsingu þess hluta Víkurgarðs (gamla kirkjugarðsins við Aðalstræti) sem liggur að lóðarmörkum Thorvaldsenstræti 4 -6. Innan lóðarinnar Thorvaldsenstrætis 4-6 er austasti hluti hins forna Víkurgarðs, og nær hann u.þ.b. átta metra inn á lóðina frá lóðamörkunum að þeim hluta Víkurgarðs sem hefur verið friðlýstur.

Í 1. gr. laga nr. 80/2012, um menningarminjar („menningarminjalaga“), kemur fram vilji löggjafans um hvað felst í minjavernd, en þar stendur: „*Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.*“ Í 2. mgr. sömu greinar segir: „*Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu.*“

Víkurgarður er einn merkasti minjastaður Reykjavíkur og Íslands alls. Staðurinn hefur margþætt gildi sem menningarminjar. Kirkjugarðurinn er ekki einungis minjastaður með fornleifum í samræmi við skilgreiningar a. liðar 3. gr. menningarminjalaga heldur tengist hann einnig siðum og venjum sbr. f. lið sömu greinar. Staðurinn, kirkjugarðurinn og leifar af kirkjum sem Víkurgarður geymir hafa margþætt minjagildi. Andlegt og trúarlegt gildi fyrir þær kynslóðir sem sóttu þar guðsþjónustur og voru jarðsungnir þar. Menningarsögulegt gildi vegna þess að um er að ræða elstu kirkju og kirkjugarð Reykvíkinga. Hann hefur kirkjusögulegt og pólitískt gildi og er þjóðfélagslega mikilvægur vegna hlutverks síns. Auk þess að hafa mikið minjagildi fyrir höfuðstaðinn og Ísland allt hefur Víkurgarður tilfinningalegt gildi fyrir fjölda Íslendinga. Víkurgarður er því að mati Minjastofnunar *þjóðminjar* í skilningi 2. gr. menningarminjalaga. Þjóðminjar teljast m.a. vera jarðfastar minjar sem eru einstakar og hafa

sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands. Þjóðminjar skulu vera friðlýstar lögum samkvæmt.

Víkurgarður þjónaði sem kirkjugarður Reykvíkinga fram til ársins 1838 er kirkjugarðurinn við Suðurgötu (Hólavallagarður) var tekinn í notkun.

Langt fram á 20. öld var garðinum haldið við sem kirkjugarði og síðar skruðgarði. Upp úr 1970 þegar Reykjavíkurborg hafði tekið við umsjón kirkjugarðsins var hann smám saman rúinn flestu sem tengdi hann við upprunalegt hlutverk sitt. Garðurinn var þá hellulagður, flest minningarmörk og grindur utan um grafir fjarlægðar og minnir hann nú helst á torg. Í tengslum við byggingarframkvæmdir og þróun byggðar í miðbænum á undanförunum áratugum hefur verið þrengt mjög að kirkjugarðinum og hlutverk hans og saga er hulin flestum yngri borgarbúum. Á síðustu árum hefur orðið breyting á nýtingu garðsins, hann er orðinn að útisvæði fyrir veitingahús í nágrenninu og þar fer fram matsala úr vögnum sem ekið er inn í garðinn. Um nokkurt skeið hefur verið samráð við Reykjavíkurborg um menningarsögulegt mikilvægi Víkurgarðs. Meðal annars er fyrirhuguð hugmyndasamkeppni á vegum Reykjavíkurborgar og Minjastofnunar um framtíðarútlit og skipulag Víkurgarðs.

Umfang friðlýsingar

Minjastofnun leggur nú til að friðlýsta svæðið verði stækkað þannig að allur kirkjugarðurinn, eins og hann var þegar hann var aflagður 1838, verði friðlýstur. Svæðið sem nú er óskað eftir að verði friðlýst er hluti garðsins sem hefur verið friðlýstur og telst fornminjar sem staður sem tengist trú og siðum sbr. a. og f. liður 3. gr. laga um menningarminjar (menningarminjalaga). Umrædd viðbót við núgildandi friðlýsingu á landnúmeri 100854 fer yfir á hluta af annarri lóð sem er nú í eigu Lindarvatns ehf. Hin friðlýsta eign afmarkast af hnitunum (ISN93):

X 356,886.303 / Y 408,282.856;

X 356,893.68 / Y 408,279.761;

X 356,883.037 / Y 408,254.151;

X 356,875.646 / Y 408,257.212.

Ofangreind friðlýst eign bætist við og er hluti af þeirri friðlýsingu sem gerð var á hinum hluta Víkurgarðs þann 9. janúar sl.

Frekari rökstuðningur fyrir stækkun friðlýsingarsvæðis í kjölfar skyndifriðunar

Minjastofnun hefur ítrekað komið á framfæri þeirri skoðun sinni að aðalinngangur hótelsins geti ekki snúið að Víkurgarði enda muni slíkt takmarka fyrirhuguð áform um framtíðarhönnun Víkurgarðs með tilvísun í menningarsögulegt mikilvægi garðsins. Breyti þar engu þó illa hafi verið gengið um Víkurgarð í allt of langan tíma enda standa áform til breytinga þar á.

Núgildandi skipulag gerir ráð fyrir að ekki eingöngu verði aðalinngangur fyrirhugaðrar hótélbyggingar út í Víkurgarð heldur verði nálægt 1/3 hluta af Víkurgarði tekinn undir aðkeyrslu að hótelinu fyrir slökkviliðsbifreiðar með sérstyrktu undirlagi sem gerir ráð fyrir umtalsverðum jarðvegsskiptum. Minjastofnun var ekki sérstaklega upplýst um þessa fyrirhuguðu ráðstöfun á Víkurgarði en komst að þessu við sjálfstæða athugun málsins. Lóðarhafar virðast hafa samþykkt að færa aðgang slökkviliðsbifreiða en hafa neitað að færa

aðalinngang hótelsins. Ekki hafa þó enn verið settar fram tillögur til skipulagsyfirvalda um þessar breytingar vegna aðkomu slökkviliðsbifreiða, svo Minjastofnun viti til. Ljóst er þó að ekki getur orðið af fyrirhugaðri aðkomu slökkvibifreiða eða gerð umrædds sérstyrkts undirlags vegna friðlýsingar Víkurgarðs þann 9. janúar sl.

Ef aðalinngangur hótels verður beint út í Víkurgarð við lóðarmörk þá mun stórt svæði í garðinum vera bundið af þeirri staðreynd um ófyrirséða framtíð. Vandséð er hvernig Víkurgarði verði þannig viðhaldið með eðlilegum hætti sem þjóðminjum og hvernig komist verði hjá því að menningarminjum verði fórnað.

Nú virðast vera áform um tvo innganga sem vísa að Víkurgarði og ljóst að ætlun lóðarhafa er að nýta garðinn sem aðkomusvæði hótelsins. Slíkt er algerlega óásættanlegt af hálfu Minjastofnunar Íslands eins og ítrekað hefur komið fram á fundum og í erindum til lóðarhafa

Allt frá því að Minjastofnun Íslands tók til starfa árið 2013 hefur stofnunin vakið athygli á mikilvægi þessa svæðis út frá sjónarmiðum minjaverndar. Í athugasemdum Minjastofnunar Íslands við breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna Landsímareits dags. 31. maí 2013, lagði stofnunin áherslu á að einstakt sögulegt gildi reitsins og nánasta umhverfis væri helsta sérstaða hans umfram aðra staði. Það merkti að varðveisla menningarminja fyrir komandi kynslóðir yrði að hafa forgang umfram aðra hagsmuni. Í athugasemdunum gerði Minjastofnun kröfu um fornleifarannsóknir á deiliskipulagsreitnum öllum, þar með talið þeim hluta sem var næst Víkurgarði. Markmiðið með rannsóknunum var fyrst og fremst að kanna umfang garðsins og hversu langt í austur hann næði.

Í erindi Minjastofnunar Íslands frá 25. nóvember 2015 koma fram kröfur um verklag vegna fornleifarannsókna á Landsímareitnum. Þar segir:

„Með hliðsjón af 21. gr. laga nr. 80/2012 setur Minjastofnun Íslands kröfu um að kirkjugarðurinn verði varðveittur til framtíðar að loknum könnunargrefti á umfangi hans. Minjastofnun Íslands setur kröfu um að sérfræðingur á sviði fornmeinafræði / mannabeinafræði taki þátt í sjálfum uppgreftinum auk greininga líkamsleifum í eftirvinnslnunni ef einhver bein verða tekin upp.“

Minjastofnun Íslands var ókunnugt um, allt til haustsins 2018, að þann 15. maí 2015 undirrituðu Einar K. Guðfinnsson forseti Alþingis f.h. Alþingis og Ólafur Björnsson f.h. Lindarvatns ehf. samkomulag um vilja til samstarfs um nýbyggingar er sneru að Kirkjustræti gegnt húsum Alþingis og um aðgengi að þeim. Í 3. mgr. 1. gr. samkomulagsins kemur fram að *Lindarvatn ehf. muni óska eftir því við skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar að aðalinngangur hótels, ef af verður, megi vera gegn Víkurgarði.* Þremur dögum síðar, 18. maí 2015, sendi Elín Ólafsdóttir framkvæmdastjóri f.h. Lindarvatns beiðni til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um að einni setningu í skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar verði breytt á þá vegu að í stað þess að aðalinngangur í hótél skuli vera frá Kirkjustræti þá skuli hann vera gegnt Víkurgarði. Í kjölfarið var samkvæmt samþykktinni stofnaður samráðshópur Reykjavíkurborgar og Alþingis um skipulagsmál í nágrenni Alþingishússins. Samkomulag Alþingis og Lindarvatns var svo enn staðfest með bréfaskriftum þeirra á milli í febrúar og mars 2016. Eins og fyrr segir var Minjastofnun Íslands ekki kunnugt um þessi samskipti eða samkomulag fyrr en haustið 2018.

Í ágúst 2017 taldi Minjastofnun Íslands ástæðu til að kanna hvort það væri rétt sem stofnunin hafði spurnir af að fyrirhugað hótélbygging hefði áhrif á Víkurgarð og að aðalinngangurinn í hótelið væri tengdur garðinum. Í tölvupósti dags. 3. ágúst 2017 óskaði Minjastofnun eftir kynningu á tillögum THG-Arkitekta að hótelinu. Áður en til fundarins kom, eða 8. ágúst 2017, barst Minjastofnun Íslands beiðni um umsögn um breytingu á deiliskipulagi Landsímareits frá Birni Axelsyni f.h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dagsett 4. ágúst 2017. Í bréfinu kom fram að helstu breytingar frá fyrra deiliskipulagi væru:

*„[...] að borgarlandinu/lóðinni á milli lóðanna Vallarstrætis 4 og Aðalstrætis 7 er skipt upp á milli þeirra og lóðirnar stækkaðar sem því nemur og að leyfilegt verður að fjarlægja viðbyggingu frá 1967 við Landsímahúsið/Thorvaldsenstræti 6 **og byggja hana í sömu mynd** [áherslubreyting er Minjastofnunar]. Einnig er fallið frá kröfu um að opna skuli samkvæmissal (Nasa) út í Vallarstræti, bætt við skilmálum um bílastæði, ásamt ýmsum smærri breytingum og lagfæringum. Engar breytingar eru gerðar á stærðum og hæðum húsa og húshluta aðrar en núverandi kjallara Vallarstrætis 4 er bætt við, samkvæmt uppd. THG Arkitekta ehf. dags. 3. júlí 2017.“* Ekki var minnst á innganga í fyrirhugað hótél í erindi umhverfis- og skipulagssviðs.

Þann 22. ágúst 2017 áttu hönnuðir hótelsins fund með forstöðumanni og fleiri starfsmönnum Minjastofnunar Íslands og kynntu þeim teikningar að hóteli. Spurði forstöðumaður Minjastofnunar sérstaklega um innganga í hótelið. Í minnispunktum sem starfsmaður Minjastofnunar skráði kemur fram að samkvæmt hönnuðum verði enginn einn aðalinngangur í hótelið heldur verði aðkoma úr þremur áttum; Thorvaldsenstræti, Kirkjustræti og Víkurgarði. Minjastofnun gerði athugasemd við það og lagðist gegn því að aðkoma verði um Víkurgarð. Hönnuðir upplýstu að unnið væri að frumhönnun byggingarinnar og að unnið verði að lausnum með Minjastofnun. Slík samvinna fór aldrei fram. Í lok fundar endurtók Minjastofnun Íslands þá afstöðu stofnunarinnar að inngangur yrði ekki frá Víkurgarði.

Minjastofnun Íslands sendi þann 15. september 2017 athugasemd við þær breytingar á deiliskipulagi Kvosarinnar, sem kynntar voru með bréfi Reykjavíkurborgar frá 4. ágúst 2017. Ekki var gerð athugasemd í því bréfi við að aðalinngangur hótelsins verði frá Víkurgarði enda kemur það ekki fram á deiliskipulagsuppdraetti að inngangur sé fyrirhugaður þar og stofnuninni var þá ekki kunnugt um fyrrgreind samskipti framkvæmdaáðila við Alþingi og Reykjavíkurborg. Eina breytingin varðandi innganga í hótelið sem kemur fram í texta með deiliskipulagsbreytingunni er í kaflanum Landnotkun/notkunarheimildir. Þar segir aftast í kaflanum: *Breyting. Felld brott krafa um að aðalinngangur að mögulegu hóteli sé frá Kirkjustræti.* Ekkert er minnst á að aðalinngangur skuli vera úr Víkurgarði eða við garðinn.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið greint frá telur Minjastofnun Íslands sig hafa ástæðu til að óttast að með núverandi skipulagi verði þrengt mjög að þeim hluta Víkurgarðs sem mennta- og menningarmálaráðherra hefur samþykkt friðlýsingu á. Að mati Minjastofnunar er fullreynt að semja við lóðarhafa um breytta nýtingu á þeim hluta lóðar Thorvaldsenstrætis 4-6 sem snýr að Víkurgarði.

Það er mat Minjastofnunar að til þess að unnt sé að tryggja varðveislu Víkurgarðs sé mikilvægt að allt það svæði sem garðurinn náði forðum yfir sé friðlýst. Því var ákveðið að friða í skyndi þann hluta garðsins sem ekki var friðlýstur þann 9. janúar sl. Með tillögu sinni vill Minjastofnun auk þess staðfesta gildi Víkurgarðs sem þjóðminjar, vernda og afstýra frekari spjöllum á merkum menningarminjum og legstöðum innan garðsins og tryggja að framtíðarnýting hans og yfirbragð endurspegli helgi staðarins og gildi hans fyrir sögu Reykjavíkur. Það felur meðal annars í sér að engar framkvæmdir eða skipulagsaðgerðir má ráðast í innan friðlýsta svæðisins nema í samráði við Minjastofnun og að fengnu sannanlegu samþykki stofnunarinnar.

Rétt þykir að ítreka að Minjastofnun hefur ekki skoðun á þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á Thorvaldsenstræti 4-6, þ.m.t. hvort þar sé rekið hótél eða ekki. Hins vegar telur Minjastofnun að stærð bygginga og útlit þeirra verði að takmarkast með hliðsjón af friðun Víkurgarðs í heild sinni.


Lagarök

Um lagarök vísast til menningarminjalaga, sérstaklega 1.- 3., 5. og 18.-23. gr. og stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Kvöð

Samkvæmt 5., 18. og 20. gr. menningarminjalaga mun friðlýsingarskilmálum þessum þinglýst sem kvöð á hina friðlýstu eign eins og hún er skilgreind hér að framan. Þetta þýðir m.a. að engar framkvæmdir eða skipulagsaðgerðir, hverju nafni sem nefnast, má í ráðast á hinni friðlýstu eign, þ.m.t. með yfirborðspunga, greftri eða öðru jarðraski, nema í samráði við Minjastofnun og sannanlega að fengnu samþykki stofnunarinnar.

Reykjavík, þann 11. janúar 2019



Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður

Fylgiskjöl:

1. Ákvörðun um skyndifriðun, dags. 8. janúar 2019.
2. Kort af svæði sem var friðað í skyndi þann 8. janúar sl. og heyrir undir þessa friðlýsingarskilmála.

Lindarvatn ehf
Reykjavíkflugvelli
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. janúar 2019
MÍ201810-0022/7.01/ A.S.

Efni: Ákvörðun um skyndifriðun

Með tilvísun í 20. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (menningarminjalög) hefur Minjastofnun Íslands ákveðið að skyndifriða þann hluta Víkurkirkjugarðs sem er innan byggingareits Lindarvatns á Landssímareit í Reykjavík. Reiturinn er sýndur á fylgiskjali 1 og afmarkast af hnitunum (ISN93)

X 356,886.303 / Y 408,282.856;

X 356,893.68 / Y 408,279.761;

X 356,883.037 / Y 408,254.151;

X 356,875.646 / Y 408,257.212.

Ástæða skyndifriðunar er eftirfarandi:


Um er að ræða hluta hins forna Víkurkirkjugarðs og telst hann til fornminja sem kirkjugarður og sem minjastaður sem tengist siðum og venjum sbr. f. lið 3. gr. menningarminjalaga. Minjastofnun Íslands lagði til við mennta- og menningarmálaráðherra friðlýsingu Víkurgarðs að lóðarmörkum lóðarinnar Thorvaldsenstræti 4-6, með bréfi dagsettu 3. desember 2018.

Með erindi þessu er verið að leggja til að friðlýsingarsvæðið verði stækkað. Ljóst er af samskiptum við lóðarhafa í lok desember 2018 að þeir hafa ekki hug á að breyta inngangi í hótelið eins og Minjastofnun hafði lagt til og hafði ástæðu til að ætla að hefði verið samþykkt. Þess í stað eru nú mögulega áform um tvo innganga sem vísa að Víkurgarði og ljóst að ætlunin er að nýta garðinn sem aðkomusvæði hótelsins. Slíkt er algerlega óásættanlegt af hálfu Minjastofnunar Íslands eins og ítrekað hefur komið fram á fundum og í erindum til lóðarhafa.

Skyndifriðun tekur gildi þegar í stað. Ákvörðunin er bindandi og gildir í allt að sex vikur. Ráðherra ákveður hvort friðlýsa skuli viðkomandi menningarminjar áður en skyndifriðun lýkur að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

Meðan skyndifriðun er í gildi eru allar framkvæmdir á umræddu svæði óheimilar.

Virðingarfyllst,


Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

Afrit sent: Lilja D. Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra
Dagur B. Eggertsson borgarstjóri,
Reykjavíkurborg, Nikulás Ú. Másson byggingarfulltrúi
Reykjavíkurborg, Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og
skipulagssviðs

Fylgiskjöl:

1. Kort af svæði sem ákveðið hefur verið að skyndifriða.
2. Tölvupóstsamskipti milli Samúels Guðmundssonar, Jóhannesar Stefánssonar, Kristínar Huldar Sigurðardóttur, Sigurðar Bergsteinsson og Agnesar Stefánsdóttur dags. 18. desember 2018.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skýringar

- Vikurgarður_ skyndfiriðun_mörk
- Vikurgarður_ svæði í friðlýsingarferli_mörk
- lódir

X 356,875,646
Y 408,257,212

X 356,883,037
Y 408,254,151

X 356,886,303
Y 408,282,856

X 356,893,68
Y 408,279,761

